

þinglestrar yfirlýsingu sína um nafn býlisins. Í yfirlýsingu þessari skal skýrt frá, á hvaða Nr. 31.  
landeign og hvaða ár það er bygt, landstærð þess, ummerkjum og dýrleika, ef metið er. 20.  
Yfirlýsingunni skal fylgja afsalsbrjef fyrir eigninni, eða önnur skilríki fyrir eignarrjetti  
umsækjanda. október.

Sýslumanni er heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, ef honum virðist nafnið að einhverju leyti óheppilegt eða afkáralegt.

Ekki má taka upp nafn, sem samnefnt er öðru býli í sömu sýslu.

Þinglesnu nafni á býli má ekki breyta, nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100 kr., er renna í landssjóð. Skulu sýslumenn og hreppstjórar hafa eftirlit með að lögum þessum sje hlýtt.

8. gr.

Mál útaf lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

H. Hafstein.

**L ö g**

um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði.

Nr. 32.

20.  
október.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,

Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,

Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja þjóðjörðina Reyki í Hrútafirði með sömu skilyrðum og aðrar þjóðjarðir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

H. Hafstein.